

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

CÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Ólíkir heimar

Hún er Reykjavíkurstúlka sem fékk sveita-bakteríuna og lauk búfræðiprófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri. Síðan var hún í sex ár í dýralæknisnámi í Noregi og hefur núna verið bráðum sextán ár á Ísafirði. – Sigríður Inga Sigurjónsdóttir dýralæknir er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10 og 11.

B3 Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 26. mars 2015 · 12. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak

Beðið eftir sólmyrkvanum

**VARAHLUTIR OG
ANNAÐ SEM ÞARF
FYRIR BÍLINN**

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

– NÝTT Á SUBWAY –

Elskaðu spinat

– GRÆNA BYLTINGIN –

Nú getur þú sett spinat á bátinn þinn - fritt

Spinat er á boðstólum í takmarkaðum tíma

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

**Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR**

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngeirsdóm 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Kerecis fékk Íslensku þekkingarverðlaunin

Fyrirtækið Kerecis á Ísafirði hlaut Íslensku þekkingarverðlaunin í ár. Kerecis ásamt ORF Líftækni og Carbon Recycling International voru tilnefnd til verðlaunanna í ár. Yfirskrift verðlaunanna er verðmætasköpun með óhefðbundinni nýtingu auðlinda. Við valið var haft til hliðsjónar hvernig fyrirtæki hafa í krafti nýsköpunar fundið og þróað leiðir til að bæta nýtingu á auðlindum landsins með því að búa til nýjar afurðir úr verðlitlum efnivið sem fellur til við hefðbundna nýtingu. Kerecis hefur

þróað tækni til að vinna stoðefni úr þorskroði, meðal annars efni til sáræmðhöndlunar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og verndari verðlaunanna, afhenti Guðmundi Fertram Sigurjónssyni, framkvæmdastjóra Kerecis, verðlaunin á Íslenska þekkingardegnum um helgina.

Kerecis er lækningavörufyrirtæki sem framleiðir og markaðsetur stoðefni til sáræmðhöndlunar og vefjaviðgerða. Félagið framleiðir einnig húmeðhöndlunarvörur sem innihalda Omega3 fitusýrur. Stoðefni eru heil húð

eða stoðgrind búin til úr milli-frumefni. Kerecis hefur þróað og verndað með einkaleyfum tækni til að búa til stoðefni úr affrumuðu roði. Á markaði keppa stoðefni Kerecis við stoðefni sem m.a. eru búin til úr mannhúð, svínahúð og svínaþörmum. Stoðefni unnin úr roði hafa forskot fram yfir önnur stoðefni á markaði, s.s. minni smithættu, trúarlegt umburðarlyndi, auk þess að innihalda Omega3 fjölómettaðar fitusýrur. Framleiðsla Kerecis er á Ísafirði og fyrirtækið er einnig með starfsstöð í Reykjavík.



Guðmundur Fertram með verðlaunagripinn.



Magnús Kristjánsson framkvæmdastjóri Orkusögunnar og Birna Jónasdóttir, rokkstjóri.

„Þú gerir ekki rassgat einn“

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður verður haldin í tólftha sinn á Ísafirði dagana 3.- 4. apríl. Líkt og fyrri ár verður margt um að vera á hátíðinni en einn af bakhjörum hennar er Orkusalan. Fyrirtækið er liður í því að hátíðin geti orðið að veruleika og gerir sitt til að halda stuðinu gangandi, en í fyrra mættu um þrjú þúsund manns á Aldrei fór ég suður og er búist við að mikill fjöldi haldi vestur til að skemmta sér og öðrum.

Sérstakt lag „Þú gerir ekki rassgat einn“ var samið fyrir hátíðina í ár en það er Bragi Valdimar Skúlason sem á heiðurinn að lagi og texta en sjálfur Helgi Björnsson syngur. „Mér finnst lagið alveg frábært og því tekst að lýsa vel stemningunni á bakvið Aldrei fór ég suður. Það er nú víst þannig að þegar upp er staðið þá gerir maður

auðvitað ekki rassgat einn og er gott að eiga góða að í verkefni sem þessu. Við hjá Orkusölu viljum því leggja okkar af mörkum til að gera aðstandendum hátíðarinnar auðveldara fyrir og finnst mjög skemmtilegt að hafa meðal annars átt þátt í því að koma þessu lagi á framfæri og vekja þannig athygli á hátíðinni,“ segir Magnús Kristjánsson framkvæmdastjóri Orkusögunnar.

Glænýtt myndband við lagið er komið út en í því má meðal annars sjá myndefni frá fyrri hátíðum. Birna Jónasdóttir, rokkstjóri Aldrei fór ég suður, er í skýjunum með afraksturinn. „Það er gaman að sjá hversu margir flottir listamenn hafa komið fram og hversu vel allt hefur heppnast til þessa. Hátíðin í ár verður eflaust þar engin undantekning.“

– smari@bb.is

Einar Ísaksson ráðinn minjavörður

Minjastofnun hefur ráðið Einar Ísaksson í stöðu minjavarðar Vestfjarða. Einar er 34 ára gamall fornleifafræðingur, menntaður í Svíþjóð og ættaður af Vestfjörðum, eins og segir í fréttabréfi Minjastofnunar. Alls bárust 14 umsóknir um starfið. Auk Einars sóttu um starfið Albína Hulda Pálsdóttir, Eiríkur Valdimarsson, Eva Dögg Einarsdóttir, Dýri Guðmundsson, Inga Hlín Valdi-

marsdóttir, Kristín Birna Kristjánasdóttir, Jóna Símónía Bjarnadóttir, Jónas Þór Guðmundsson, Lóa Júlía Antonsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, Ólafur Leifur Arnarsson, Rana Campbell og Sæbjörg Freyja Gísladóttir.

Hlutverk minjavarðar er ahlíða fornleifavarsla á Vestfjörðum. Enginn minjavörður hefur verið á Vestfjörðum frá því árið 2011.

– smari@bb.is

Kallarðu þetta leikrit?!

eftir Ágúst T. Magnússon
Sýnt í Edinborgarhúsinu
Miðaverð: 3000 kr.

86. verkefni - 50. leikár
Leikstjóri: Kári Halldór
Tónlistarstjóri: Stefán Jónsson

3. sýning 28. mars
4. sýning 1. apríl
5. sýning 9. apríl
6. sýning 12. apríl
Sýnt kl. 20:00

Miðasala í 856-5455



Litli Leikklúbburinn
Ísafirði
50 ÁRA
1965 - 2015



SUNNUDAG KL.19:10



ÍSLAND GOT TALENT

Hanna Rún og Nikita
900 3006

Davíð Rist
900 3005

Diljá
900 3001

DansKompaní
900 3002

Ívar og Magnús
900 3003

Bríet Isis
900 3004

UNDANÚRSLIT ÍSLAND GOT TALENT

ÞAÐ ER SPENNA Í LOFTINU

★ BEIN ★
ÚTSENDING
KL.19:10
SUNNUDAG



SÍMALEIKUR

Glæsilegir vinningar frá
Sjónvarpsmiðstöðinni og LG



MIDASALA
Á MIDI.IS



Við óskum Dýrfirðingnum Davíð Rist innilega til hamingju með að vera meðal þeirra sem stíga á stóra sviðið í beinni útsendingu í Talent-höllinni á sunnudagskvöld. Þú getur kosið þitt uppáhaldsatriði í símakosningunni og átt kost á því að vinna glæsilegan vinning. Taktu þátt í fjörinu og horfðu á **Ísland Got Talent** í beinni útsendingu á Stöð 2.

365.is | Sími 1817

365



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Förgun matar meðan fjöldinn sveltur

Hvað þarf að fara langt aftur í tímann? Nokkra áratugi aftur fyrir stofun Morgunblaðsins? Hálfa til heila öld? Það nægir. Á þeim tímum hefðu fyrirsagnir í blaðinu, ef það hefði verið til, eins og birtust þriðjudaginn 17. mars s.l. jafnað við guðlast. Á þeim tímum hættaði svo til hjá þjóðinni að almúginn átti vart til hnífs og skeiðar frá degi til dags. Lapti dauðann úr skel. Og það litla sem fólki lagðist til voru að sjálfsögðu gjafir himnaföðursins.

Fyrirsagnir Morgunblaðsins voru ekki af pólitískum rótum runnar, enda nokkuð langt um liðið síðan blaðið sór af sér allar flokkslínur. Nei, þær snerust um fyrirbæri í rekstri samfélags, þar sem fyrr á öldum þótti ekki tíðindum sæta þótt fólk hryndi niður úr hor: „Framleiða mat til förgunar,“ var önnur fyrirsögnin, hin: „Verslanir henda miklu af mat.“

Já, það hafa heldur betur orðið umskipti hjá þessari guðs volaðri þjóð á mörkum hins byggilega heims. „Það er verið að sóa gríðarlegum fjármunum“ er haft eftir forstjóra Sláturfélags Suðurlands, um svokallaðan skilarétt verslana á vörum, út frá síðasta söluþingi, þetta kosti félagið um 100 milljónir á ári. Og hjá fyrirtækinu Kjarnafæði segjast menn henda árlega 20-25 tonnum af kjöti; á við 40 þúsund skinkubréf, ef það auðveldar lesendum að átta sig á umfanginu.

Það þarf ekki að spyrja hver borgi brúsann af kostnaðinum við að framleiða mat til förgunar. Svárið liggur í augum uppi: Neytendur.

Að þessu gefnu er ástæða til að spyrja: Hver ræður för og í hvaða tilgangi er slíku kerfi haldið við líði? Er það vegna atvinnunnar sem skapast við að troða nánast allri matvöru í loftæmdar umbúðir, burt séð frá umfangi og hagsmunum neytenda? Hver er það sem ákveður að kaupendur eru skikkaðir til að kaupa annað hvort fimm eða tíu pylsur í litskrúðum pakkningum, sem trúlega kosta ekki langt frá því hið sama og innihaldið? Eru það ef til vill eins konar hjöruliðir í exelskjali hagvaxtarins, sem allt heila klabbíð snýst um, sem ekki verða sniðgengnir? Kerfið geri bara ráð fyrir 5 eða 10 pylsum! Neytenda sé valið. Vera annað hvort hálft svangir eða stunda ofát! Og hvað er verið að segja kaupendum með auglýsingu um að tiltekna kjúklingabringur séu ekki vatnssprautaðar? Að í öðrum tilfellum sé kaupandinn að borga allt að tvö þúsund krónur fyrir vatnsskúliði?

Er ekki kominn tími til að endurskoða framleiðsluferli matvæla á Íslandi? Er ástæða til að framleiða mat að verðmæti margra hundraða milljóna króna til þess eins að henda honum? Eða er þetta bara einn af hinum mörgum óbreytanlegu þáttum hagkerfisins, sem enginn fær neitt ráðið við?

Hvernig sem á það er lítið er það glæpur að framleiða mat til þess eins að farga honum á sama tíma og stór hluti mannkynst sveltur heilu hungri. s.h.

Spurning vikunnar

Hvert er viðhorf þitt til ESB í dag?

Alls svöruðu 577.

Jákvætt sögðu 222 eða 38%

Neikvætt sögðu 288 eða 50%

Hlutlaust sögðu 67 eða 12%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Fjöldmenn fylgdist með sólmyrkvanum

Mikill fjöldi fólks var samankomin á Eyrarhlíð í Skutulsfirði á föstudagsmorgun að fylgjast með sólmyrkvanum. Tunglið snerti skífu sólar kl. 08:41 og 59 mínútum síðar náði hann hámarki og huldi tunglið 96,4% af skífu sólar. Myrkvanum lauk kl. 10:42. Myndina hér að ofan tók Hafþór Gunnarsson í Bolungarvík af sólmyrkvanum frá Kambsnesi milli Álftafjarðar og Seyðisfjarðar. Neðri myndin var tekin á Eyrarhlíð.



Áframhaldandi samstarf

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði og Súðavíkurhreppur hafa endurnýjað verkefnasamning sinn á milli. Samkonar samningur var í gildi á síðasta ári og var mikil ánægja með samstarfið að sögn Péturs G. Markan sveitarstjóra. Samningurinn felur í sér fjölmörg verkefni sem Kómedíuleikhúsið sýnir víða í hreppnum á árinu svo sem í leik- og grunnskóla Súðavíkur, á Bláberjadögum í sumar og á Miðaldahátíð í Heydal um verslunarmannahelgina.

„Kómedíuleikhúsið hefur komið undanfarin ár í Súðavíkurhrepp og sýnt sýningar og verið þannig stór hluti af fjölbreyttu menningarlífi Súðavíkinga. Starf Elfars Loga með Kómedíuleikhúsið er okkur Vestfirðingum afar mikilvægt og við Súðavíkingar erum afar stolt af okkar samstarfssamning við leikhúsið og sjáum það eflast á komandi árum,“ segir Pétur.



Elfar Logi og Pétur að lokinni undirritun.

Gefðu sparnað í fermingargjöf



Gjafakort Landsbankans er góður kostur fyrir þá sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 6.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

Kortið er gjöf sem getur lagt grunn að traustum fjárhag í framtíðinni. Það er í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í lagfæringu lóðar við Grunnskólann á Suðureyri. Um er að ræða að fjarlægja gamalt yfirborð, malbik eða klæðningu, grafa fyrir grjótgerði og hlaða það upp, smíða trébryggju út í tjörminna, jafna yfirborð lóðar, helluleggja gönguleið við skólann og jafna yfirborð lóðar undir malbik sem verkkaupi lætur leggja og jafna yfirborð undir og sjá um útvegum og lögn á fallvarnarefni kringum leiktæki.

Lóðarstærð 1.150m²

Helstu magntölur:

Fjarlægja malbik (klæðingu)	500m ²
Ný hellulögn	186m ²
Yfirborðsefni (fallvarnarefni)	346m ²
Jafna lóð undir malbik	570m ²

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á krónur 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með fimmtudeginum 26. mars.

Tilboð verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, þriðjudaginn 14. apríl 2015 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Undantekningar- arákvæðið skýrt og mikilsvert

Orkustofnun gerir athugasemd við að ekki sé vísað í friðlýsingarskilmála í drögum að verndar- og stjórnunaráætlunar Dynjanda. Sá hluti friðlýsingarskilmála sem Orkustofnun saknar að sjá ekki í áætluninni, er 1. grein friðlýsingarinnar þar sem fram kemur að miðlun úr Stóra Eyjavatni sé undanskilin friðlýsingu vatnasviðs Dynjanda, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Í athugasemd Orkustofnunar sem lögð var fram á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segir að þetta undantekningar-ákvæði sé svo skýrt og mikilsvert að þess ber að geta í kafla verndar-áætlunarinnar sem fjallar um lagalegan og stjórnsýslulegan ramma friðlýsingar Dynjanda.

Til frekari rökstuðnings í þessu efni bendir Orkustofnun á að það muni hindra eða minnka mjög áhuga á frekari friðlýsingum á mikilsverðum náttúrufyrirbærum í framtíðinni, ef þess sjást dæmi að reynt sé af hálfu stjórnvalda að gleyma sér eða koma sér undan ákvæðum um undantekningar frá friðlýsingu. Orkubú Vestfjarða vill veita vatni úr Stóra Eyjavatni í Mjólkárirkjun og auka framleiðslu í virkjuninni. Umhverfisstofnun hefur lagst gegn framkvæmdinni og í drögum að verndar- og stjórnunaráætlun segir að stefnt skuli að því að vernda allt vatnasviði Dynjanda og stuðla að því að fossarnir í Dynjandís falli frjálssir og óheftir eins og náttúran ætlar þeim.

– smari@bb.is



Fermingar vorið 2015

Ísafjarðarkirkja, skírdagur 2. apríl kl. 14:00

Hafsteinn Már Sigurðsson, Hjallavegi 15, Ísafirði
Lára Ósk Albertsdóttir, Fjarðarstræti 59, Ísafirði
Lísbet Katla Júlíusdóttir, Miðtúni 10, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, laugardaginn 25. apríl kl. 11:00

Georg Rúnar Elvarsson, Hlíðarvegi 6, Ísafirði
Jón Ingi Sveinsson, Aðalstræti 19, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, sunnudaginn 3. maí kl. 11:00

Margrét Inga Gylfadóttir, Urðarvegi 49, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, sunnudaginn 10. maí kl. 11:00

Hanna Þórey Björnsdóttir, Sætúni 1, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, sunnudaginn 17. maí kl. 11:00

Jakob Danielsson, Miðtúni 25, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, hvítasunnudagur 24. maí kl. 14:00

Árný Margrét Sævarsdóttir, Fjarðarstræti 15, Ísafirði

Ásdís Eva Friðbjörnsdóttir, Kjarrholti 2, Ísafirði

Ásdís Halla Guðmundsdóttir, Urðarvegi 27, Ísafirði

Gabriela Kurpiewska, Fjarðarstræti 6, Ísafirði

Kolfinna Íris Rúnarsdóttir, Hlíðarvegi 29, Ísafirði

Ríkharður Daði Sævarsson, Miðtúni 17, Ísafirði

Þórður Gunnar Hafþórsson, Seljalandsvegi 50, Ísafirði

Þráinn Ágúst Arnaldsson, Seljalandi 16, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, sjómanna dagur 7. júní kl. 14:00

Einar Ásvaldur Sigurðsson, Góuholti 1, Ísafirði

Hildur Karen Jónsdóttir, Eyrargötu 3, Ísafirði

Hlynur Ingi Árnason, Silfurgötu 6, Ísafirði

Ísabella Rut Benediktsdóttir, Urðarvegi 31, Ísafirði

Kjartan Daníel Helgason, Ameríku

Magni Jóhannes Þrastarson, Hlíðarvegi 36, Ísafirði

Ólöf Einarisdóttir, Hafraholti 48, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, sunnudagur 14. júní kl. 11:00

Gísli Steinn Njálsson, Árgerði, Ísafirði

Guðjón Andri Kristjánsson, Engjavegi 28, Ísafirði

Kristófer Leví Kristjánsson, Mjallargötu 1, Ísafirði

Oddrún Eva Kristjánsdóttir, Engjavegi 28, Ísafirði

Sigríður Erla Magnúsdóttir, Miðtúni 12, Ísafirði

Ísafjarðarkirkja, sunnudagur 28. júní kl. 11:00

Edda Lind Guðmundsdóttir, Noregi

Akureyrarkirkja, laugardagur 28. mars

Bjartur Ísak Róssantsson, Hlíðarvegi 46, Ísafirði

Hólskirkja, laugardaginn 30. maí

Ásthildur Jakobsdóttir, Urðarvegi 21, Ísafirði

Bíldudalskirkja, hvítasunnudagur 24. maí

Guðbjörg Ásta Andradóttir, Tangagötu 6a, Ísafirði

Hólskirkja, skírdagur 2. apríl

Karolína Sif Benediktsdóttir

Kristinn Hallur Arnarsson

Kristjana Berglind Finnbogadóttir

Hólskirkja, sumardagurinn fyrsti, 23. apríl

Aðalsteinn Stefánsson

Andri Snær Sigmundsson

Hólskirkja, hvítasunnudagur 24. maí

Birnir Ringsted Haraldsson,

Rebekka Lind Ragnarsdóttir

Svanhildur L. Björnsdóttir



Eiginmaður minn



Gunnar H. Jónsson

fyrirverandi svæðisstjóri Vátryggingafélags Íslands á Ísafirði

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða aðfaranótt 17. mars.
Útförin fer fram í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 4. apríl kl. 14:00.

f.h. fjölskyldunnar
Jónína Einarisdóttir

Samningur framlengdur

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að framlengja samning við Hópfæðamiðstöð Vestfjarða um skólaakstur í Dýrafirði. Í tilboði fyrirtækisins er bænum boðið að framlengja samninginn um næstu tvö skólaár og bauð fyrirtækið 20% lægri gjaldskrá miðað við gildandi samning með fyrirtæki um vsk.breytingar.



Framtíðarreikningur

Við bjóðum góðar framtíðarhorfur

Á þessum tímamótum, þegar fullorðinsárin nálgast með öllu sínu sjálfstæði og spennandi tækifærum, er tilvalið að ræða hvernig sparnaður og fyrirbyggja í fjármálum geti best lagt grunn að bjartri framtíð. Okkur langar í því sambandi að benda á kosti Framtíðarreiknings Íslandsbanka sem ber hæstu vexti almennra, verðtryggðra innlánsreikninga og er bundinn til 18 ára aldurs.

Kynntu þér málið betur á islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

Börn á fermingaráldri sem kjósa að ávaxta 30.000 kr. eða meira á Framtíðarreikningi fá 5.000 kr. í mótframlag frá Íslandsbanka inn á reikninginn.*

*Gildir einu sinni fyrir hverja kennitölu þeirra barna sem koma ásamt forráðamönnum í útibú Íslandsbanka fyrir 1. júlí 2015.

islandsbanki.is

 Netspjall

Sími 440 4000

 Facebook


Íslandsbanki



Erfitt að festa finger á ástæður fækkunar í Bolungarvík

Íbúum Bolungarvíkur fækkaði um 27 á síðasta ári samkvæmt nýjum mannfjöldatölum Hagstofunnar. Þann 1. janúar síðastliðinn voru Bolvíkingar 923 en 1. janúar 2014 voru þeir 950. Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segist ekki hafa neinar skýringar á fækkuninni. „Það erfitt að festa finger á hvers vegna okkur fækkaði á síðasta ári. Í heildina hefur þróunin held-

ur verið upp á við síðustu ár, en það var bakslag á síðasta ári,“ segir Elías og bendir á að íbúum fjölgaði um 3,2% árið 2012 og svo aftur um 3,4 prósent árið 2013, en fækkunin 2014 er 2,8%.

Þegar lítið er tíu ár aftur í tímann fór íbúafjöldinn mest í 970 manns árið 2010 og lítið minni árið áður. Elías segir klára skýringu á fjölguninni á þeim árum. „Þá var hér fjöldi verkamanna,

um 70 manns, að starfa við Bolungarvíkurgöngin sem fóru svo þegar framkvæmdum lauk.“

Íbúar á Vestfjörðum voru 6.970 um síðustu áramót, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar. Íbúafjöldinn stendur nánast í stað frá árinu áður og fækkaði aðeins um tvo. Á Suðurfjörðunum fjölgaði íbúum á síðasta ári, bæði í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, samtals um

61, líklegast vegna uppbyggingu í fiskeldi. Íbúum fækkaði mest í Strandabyggð um 33 og í Bolungarvík fækkaði eins og áður segir um 27 íbúa. Viðvarandi fólksfækkun í Ísafjarðarbæ er að stöðvast, því aðeins fækkaði um 10 á síðasta ári. Fjölgun um sjö var í Kaldrananeshreppi, tvo í Súðavíkurhreppi og einn í Árneshreppi. Í Reykhólahreppi fækkaði um þrjá íbúa. – smari@bb.is

Íbúum fækkar

Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um sjö fyrstu 64 daga ársins. Þetta kemur fram í nýrri mánaðarskýrslu Ísafjarðarbæjar. Aðfluttur á tímabilinu eru 37 og brottfluttur 44 talsins. 59% brottfluttra flytja á höfuðborgarsvæðið, 36% til útlanda og 5% á aðra staði innanlands. Aðfluttur koma flestir frá höfuðborgarsvæðinu, eða 46%. Jafn stór hluti flyst frá útlöndum eða frá öðrum stöðum á Íslandi, eða 27%. Í skýrslunni kemur fram að flest börn í Ísafjarðarbæ búa í efri bænum á Ísafirði og fæst í Tunguhverfi. Í efri bænum búa 216 börn, fædd á árunum 1998-2015 og í Tunguhverfi búa 43 börn.

Kolsvartur gamanleikur

Leikfélagið Hallvarður Sógandi á Suðureyri frumsýnir miðvikudaginn 1. apríl leikritið Herra Kolbert eftir Þjóðverjann David Gieselmann, í félagsheimilinu á Suðureyri. Herra Kolbert er kolsvartur og hattulega fyndinn gamanleikur þar sem blóðið flýtur og tiramisu kökusneiðar slettast í andlit og vegg. Athygli er vakin á að sýningin er bönnuð innan 16 ára. Leikstjóri er Víkingur Kristjánsson. Sýningartími verður nánar auglýstur síðar en sýnt verður um páskahelgina.

Níu milljónir til vestfirskra safna

Þrjú söfn á Vestfjörðum fengu úthlutað úr Safnasjóði, alls 9 milljónum króna. Styrkirnir eru bæði verkefnistengdir sem og styrkir til reksturs. Byggsafn Vestfjarða fékk 3.750.000 kr. í styrk, þar af 1,5 milljón króna til að miðla sögu Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri. Sauðfjársetrið á Ströndum fékk 2,8 milljón króna styrk, meðal annars til verkefnis sem kallast náttúrabarnaskóli á Ströndum. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti fékk 2,5 milljón króna.

Eitt tilboð í gatnagerð á Flateyri

Gröfuþjónusta Bjarna ehf. var eina fyrirtækið sem bauð í gatnagerð á Flateyri sem boðin var út fyrir stuttu. Fyrirtækið bauð 39,7 milljónir króna í verkið. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 37,8 milljónir. Um er að ræða endurgerð á Ránargötu og Unnarstíg, endurgerð gatna, holræsalagna, gangstétta og götulýsingar. Verkinu skal vera að fullu lokið 1. október í ár.



Sársauki er **ekki** eðlilegt ástand

Átt þú rétt á slysabótum?

Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fái endurgreiddan sjúkrakostnað, fái greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiða, jafnvel þó þú hafir verið í órétti. Ef þú hefur lent í slysi, s.s. umferðarslysi eða vinnuslysi er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - www.tort.is

TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA

Þetta er
sérskreytt
íster
í veislu



Heppin að vera í sveit áður en vélvæðingin mikla kom

„Að vera einn er í senn það besta og versta. Það besta er að maður ræður öllu! Á móti kemur, að það getur verið slæmt að vera einn þegar þarf að leysa úr erfiðum málum,“ segir Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, dýralæknir á Ísafirði, aðspurð hvað sé það besta og hvað sé það versta sem við er að glíma í starfinu hennar hér fyrir vestan.

„En eitt það allra besta og skemmtilegasta í starfinu mínu er að hafa alla náttúruna hérna, fjöllin og sjóinn. Maður er í svo nánu sambandi við þetta. Ég get skroppið upp á skíðasvæði með krakkana og farið svo inn í hesthús. Það tekur mig bara nokkrar mínútur að keyra þetta. Í Reykjavík gæti maður aldrei gert þetta svona.

Það eru vissulega miklir kostir við að búa úti á landi, umfram það að vera í Reykjavík. Hérna nýtist tíminn miklu betur, því að maður er ekki í bílnum meira og minna allan daginn til að komast á milli staða. Þetta eru ólíkir heimar,“ segir hún.

„En ég á foreldra í Reykjavík. Auðvitað eru þau farin að full-orðnast, og það eina sem mér finnst slæmt við að vera langt úti á landi er að ég hitti þau ekki eins oft og ég vildi.“

Reykjavíkurstúlka búfræðingur frá Hvanneyri

Sigríður Inga er fædd í Reykjavík sumarið 1968 og uppalin fyrst í Hlíðunum en frá sjö ára aldri í Árbæjarhverfi.

Hún fór í Bændaskólann á Hvanneyri, var þar í tvö ár og útskrifaðist sem búfræðingur, en var síðan eitt ár í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Eftir það fór hún í Fjölbrautaskólann í Ármúla og lauk þaðan stúdentsprófi.

– Hvernig stóð á því að þú Reykjavíkurstelpan fyrst í Bændaskólann?

„Ég var svo heppin að komast í sveit þegar ég var tíu ára, mjög skemmtilega sveit. Ég fór að Hvítanesi í Skilmannahreppi, skammt frá Akranesi, og ætlaði bara að passa eina sem var fimm ára. En svo fékk ég að vera þar í sveit öll sumur þangað til þau ráku mig til að fara á Hvanneyri, vildu að það yrði eitthvað úr mér!“

Fékk sveitabakteríuna og losnaði aldrei við hana

„Ég var ekki bara yfir sumar-

tímann á Hvítanesi heldur líka um áramót og páska og jafnvel um helgar. Þá tók maður Akra-borgina upp á Akranes, en ef það var ekki hægt af einhverjum ástæðum, þá tók ég bara rútu fyrir Hvalfjörðinn.

Hvítanes er mjög skemmtilegur staður, landmikil jörð og Akrafjallið fyrir ofan. Þarna voru kýr og svín og hænur, allt mögulegt! Fólkið á Hvítanesi var þannig að maður fékk mikið að ráða sér sjálfur, gekk bara í þau verk sem til féllu.

Ég var svo heppin að vera í sveit áður en vélvæðingin mikla kom, ég rakaði túnjaðrana með hrifu, rak beljurnar á beit og sótti þær aftur, mokaði fjósið og ýmislegt annað sem víðast hvar þarf ekki að gera lengur í dag. Ég er ánægð með að hafa ekki farið á mis við þetta.

Þarna fékk ég sveitabakteríuna, sem ég losnaði aldrei við.“

Gott að stunda nám í öðru landi

Eftir stúdentsprófið fór Sigríður Inga í líffræði í Háskóla Íslands í hálf ár til að eiga meiri möguleika á að komast í dýralæknaskóla. „Ég var búin að ákveða það á seinna árinu í Bændaskólanum að ég ætlaði að verða dýralæknir.“

Hún sótti um skólavist í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og fékk inni í Norska dýralæknaháskólanum í Osló og var þar í sex ár. „Í minningunni eru þetta eiginlega skemmtilegustu sex ár ævinnar.“

Almennt dýralækningaleyfi í Noregi fékk hún vorið 1997 og á Íslandi árið eftir.

– Nám í dýralækningum hefur aldrei verið í boði á Íslandi ...

„Nei, það væri heldur ekki nógu gott. Við erum of fá. Það er líka gott að fara í annað land og fá önnur viðhorf, kynna annarri þjóð og læra tungumálið. Ég hefði ekki viljað missa af því.“

– Ætlaðirðu alltaf að koma aftur heim til Íslands að námi loknu?

„Jaaaa, ég reyndar giftist manni, íslenskum manni, sem var að klára dýralæknaskólann þegar ég var að byrja, og þetta var svo sem ekkert ákveðið. Við bjuggum náttúrulega þarna úti og ég fékk gríðarmikla verklega reynslu þegar ég var í náminu samhliða því að hann starfaði sem dýralæknir. Þegar ég lauk náminu var ég búin að fara með honum í

gegnum öll þessi tilfelli sem flestir kviðu mest fyrir. Síðan skildum við eftir að ég kláraði námið og þá vildi ég fara heim.“

– Hvað tók þá við?

Árin á Ísafirði rétt að verða sextán

„Fyrst var ég svolítið áttavillt, var búin að yfirkeyra mig á vinnu. Ég byrjaði að taka vaktir hjá Sigurbjörgu sem þá var héraðsdýralæknir í Búðardal, var hjá henni í sláturtíðinni og fór í vitjanir fyrir hana þarna um haustið. Síðan var Guðbjörg Þorvarðardóttir [innskot: systir Ólínu] að opna dýralæknastofu í Reykjavík [Dýralæknastofa Dagfinns á Skólavörðustíg] og ég var svolítið með henni að starta þeim spítala. Ég var hjá henni frá áramótum og fram til 1. maí 1999, en þá kom ég hingað á Ísafjörð.“

Þannig eru árin hennar Sigríðar Ingu dýralæknis á Ísafirði rétt að verða sextán.

„Hérna höfðu verið dýralæknahjón, Laufey og Höskuldur, sem fóru þá um áramótin, og þegar ég kom hafði enginn dýralæknir verið hér mánuðina á undan. Halldór Runólfsson yfirdýralæknir var mikið að reyna að fá okkur sem vorum nýkomin heim úr námi til að dreifa kröftunum út um landið.“

Eins konar áttthagafjötrar

– Hvað varð til þess að Ísafjörður varð fyrir valinu hjá þér?

„Ég varð ófrísk þarna í febrúar og sá ekki fyrir mér að geta brauðfætt barnið mitt í þessu 101-dæmi! Líka hafði ég verið í sambandi við þau hérna þegar ég var í Búðardal. Ég hugsaði með mér að það væri allt í lagi að prófa þetta í kannski einn-tvo mánuði, þannig að ég sló til og sagði: Ég skal skreppa og kíkja á þetta. Og hér er ég enn.“

– Og hvernig hefurðu kunnað við þig? Varla mjög illa, úr því að þú ert hérna enn ...

„Ég kann mjög vel við mig. Eiginlega er ég hér í eins konar áttthagafjötrum og hef nánast verið það alveg síðan ég kom. Ég hafði aldrei komið hérna áður, en þetta er nánast eins og var í sveitinni þegar ég var krakki, maður er með í kringum sig allt sem þarf að hafa.

Einhvern tímann ætlaði ég nú að fara og var komin með vinnu í Reykjavík, en svo hætti ég við

það, vildi bara vera hér.“

Fékk eitt sinn kálf á stofuna

Svæðið sem Sigríður Inga þjónar nær alveg sunnan frá norðurströnd Breiðafjarðar, þ.e. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur og norður um og inn í Ísafjarðardjúp.

„Þetta eru mörkin mín. Ég var líka með Strandinar á sínum tíma áður en svæðaskiptingunum var breytt, það er búið að breyta heilmiklu síðan ég kom hingað. Auðvitað er miklu styttra á Strandinar úr Búðardal en héðan frá Ísafirði, þaðan eru ekki nema 75 kílómetrar á Hólmavík.“

– En þú ert líka með dýralækningastofu hérna á Ísafirði.

„Já, ég er með litla klíník þar sem ég tek inn smádyrin. Reyndar hef ég líka fengið kálf hérna inn til að sauma saman. Ég er með aðstöðu þar sem ég er með símatíma á morgnana.“

Hundum og köttum fjölgar

Sigríður Inga á heima við Hlíðarveginn á Ísafirði. Hún keypti húsið sem Hjörtur heitinn Stapi átti og er búin að gera það allt upp, en lækningastofan er í litlum bílskúr sem hún keypti þar rétt hjá.

„Fyrst ætlaði ég að vera með stofuna hérna niðri, en svo fannst mér þægilegt að geta farið út úr húsinu á leiðinni í vinnuna og fengið mér frískt loft. Líka er gott að vera ekki með vinnuna undir sama þaki og heimilið.“

– Er það daglegur viðburður að fólk komi með einhver dýr til þín á stofuna, hunda og ketti og hamstra og allt það?

„Já, nánast. Svo eru tímabil, eins og sauðburðurinn á vorin, þegar maður er mikið að sinna því. Smádyrunum hefur verið að fjölga, fólk er að fá sér hunda og ketti. Og svo eru náttúrulega hrossin og kýrnar. Þetta er nú töluvert blandað hjá mér. Ég þarf að liðsinna hrossaeigendum og kúabændum. Þó að búunum hafi fækkað, þá hafa búin stækkað. Það hafa orðið gríðarlegar breytingar á nánast öllu síðan ég kom hingað fyrst.“

Þúsund kílómetra akstur að gelda hrúta

– Ertu mikið á ferðalögum um héraðið þitt vegna starfsins?

„Nei, til dæmis núna er ekki mjög auðvelt að ferðast um. Til

að fara á Patreksfjörð þarf ég að keyra þúsund kílómetra fram og til baka. Samt fór ég um daginn að gelda hrúta á Barðaströndinni og fór þess vegna keyrandi lengri leiðina.

Fyrst eftir að ég kom hingað voru ferðalögin fleiri, þar sem ég þurfti að fara til Hólmavíkur í sláturtíðina. Þá var líka sláturhús á Óspakseyri.“

Sigríður Inga rifjar upp eina gríðarmikla vinnuferð fyrsta haustið sem hún var á Ísafirði.

„Í sláturtíðinni haustið 1999 fór ég frá Ísafirði á mánudagsmorgni til Hólmavíkur og var þar fram á fimmtudag. Fór svo þaðan yfir á Barðaströnd og sinnti vitjunum þar. Kom svo aftur á Ísafjörð á laugardagskvöldi, keyrandi yfir Hrafnseyrarheiðina. Svona gekk þetta í nokkrar vikur þar til sláturtíðinni lauk. Þá varð ég að taka mér langt frí, enda langt komin á leið með frumburðinn. En þetta var skemmtilegur og eftirminnilegur tími.“

– Ferðu í einhverjar yfirreiðir um hérað vegna eftirlits með búfænaði?

„Nei, ég er alveg hætt með allt eftirlit, það hefur breyst. Þegar ég byrjaði var ég með eftirlit á kúabúum og dýraverndunarmál, en núna er það alfarið í höndum héraðsdýralæknis sem er með aðsetur í Stykkishólmi. Núna annast ég eingöngu lækningar á dýrum og þess háttar.“

Komin með blóðgreiningartæki og sónar

– Hvað er það einkum sem kemur til þinna kasta hér á stofnunni?

„Það eru mikið bólusetningar og ormahreinsanir á hundum og köttum, og síðan er verið að gelda hunda og fress og taka tíkur og læður úr sambandi. Svo eru ýmsar aðrar aðgerðir og sjúkdómsgreiningar á smádyrum. Til dæmis er ég með ágætis blóðgreiningartæki og núna er ég búin að fá mér sónartæki, þannig að ég er smátt og smátt að komast talsvert áleiðis með að finna út hvað amar að veikum dýrum.“

– Sónartæki? Ertu þá að eithvað að athuga fóstrin í dýrunum?

„Nei, þetta er aðallega greiningartæki, notað til að athuga hvort það sé kannski lifrabilun eða eitthvað þess háttar. En auðvitað get ég athugað bæði hvolpa

og kettlinga.

En varðandi allt sem viðkemur beinbrotum og alvarlegri sjúkdómum sem ég ræð ekki við, þá sendi ég hunda- og kattaeigendur með dýrin suður til Reykjavíkur. Ég get ekki alltaf reddað öllu. Auðvitað reyni ég að komast til botns í hlutunum, en stundum þarf ég að senda þetta frá mér.“

Dálítið sálfræðistarf líka

– Finnst þér gaman að stunda þetta starf?

„Já, mér finnst það mjög skemmtilegt. Ég hef alltaf verið mjög ánægð með að hafa valið mér þessa grein. Kannski hefði mig langað svolítið til að verða sálfræðingur, en þetta er nú eiginlega dálítið sálfræðistarf líka. Stundum þarf maður að tala við eigendur dýranna á sálfræðilegum nótum ...“

– Og kannski við dýrin líka?

„Já, ég tel mig vera nokkuð næma á þau, enda búin að starfa svo lengi við þetta. En auðvitað er alltaf eitthvað nýtt, maður er aldrei búinn að sjá allt eða læra allt. Þetta starf er stöðug uppspretta af einhverju nýju á nánast hverjum degi. Einnmitt það gerir þetta mjög skemmtilegt.“

Með nýjan samning næstu fimm árin

– Ertu nokkuð farin að hugsa þér til hreyfings héðan frá Ísafirði?

„Nei, ég er ekki farin að gera það. Síðastliðinn nóvember gerði ég þjónustusamning við ríkið um næstu fimm árin hér. Oft tek ég nú einn dag í einu, en eins og staðan er í dag er ég ekki neitt á förum. Ekki nema ég verði rek-in!“

– Býstu kannski við því?

Sigríður Inga hlær. „Nei, þetta gengur nú oftast bara vel. Og það sem heldur manni hér líka er hvað það er gott fólk hérna fyrir vestan. Það hafa allir tekið mér ótrúlega vel.“

Dýralæknirinn er hestakona

– Hvað ertu helst að fást við utan vinnunnar?

„Ég á hesta. Mér finnst mjög skemmtilegt að hugsa um þá. Við nokkrar konur byggðum okkur saman hesthús hér inni í Engidal fyrir um tíu árum. Við reynum að ríða svolítið út á veturna – þegar veðrið er ekki eins og það er búið að vera í vetur!“

Síðan er freistandi að fara í einhverjar hestaferðir á sumrin. Þá er ég með hestana í Korpudal í Önundarfirði. Það er alveg frábær staður. Og svo á ég tvö börn og þarf auðvitað að hugsa um þau.“

Börnin tvö og kærastinn

Dóttirin Ólöf Dagmar, sem er á sextánda ári, er núna í þann veginn að útskrifast úr grunnskóla. „Hún kom hérna með mér sem laumufarþegi innanborðs



þegar ég flutti hingað,“ segir Sigríður. Sonurinn Sigurjón Dagur er að verða tíu ára.

„Skipulagið var mikið þegar börnin komu. Dóttirin fæddist rétt eftir sláturtíðina sem ég sinni

á Hólmavík á sínum tíma og sonurinn fæddist rétt eftir sauðburð, þannig að tíminn var vel nýttur.“

Til viðbótar á Sigríður Inga kærasta sem býr hjá henni. Það er Aðalsteinn Bjarnason orku-

bóndi, rafmagnsframleiðandi í Breiðadal í Önundarfirði.

Sigríður Inga ítrekar í lokin það sem hún sagði áður, að hún hafi kynnst ótrúlega mörgu góðu fólki hér fyrir vestan gegnum tíð-

ina.

„Ég er sannarlega heppin að hafa ákveðið að koma hingað vestur.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Hugarfar og samgöngur meðal þröskulda sem þarf að yfirstíga

Í byrjun desember boðaði Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga til fundar með forsvarsmönnum fjölda opinberra stofnana. Fundurinn var hluti af verkefni um markaðssetningu Vestfjarða með stuðningi Sóknaráætlunar landshluta. Tilgangurinn var að ræða eflingu opinberra stofnana á Vestfjörðum og var fundurinn hugsaður sem samskiptavettvangur þar sem þátttakendum var gefinn kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri um eftirfarandi atriði: Hvernig má efla starfsemi opinberra stofnana á Vestfjörðum? Hvaða þröskulda þarf að yfirstíga? Hvernig á að markaðssetja Vestfirði gagnvart opinberum stofnunum?

Hlúa að því sem fyrir er

Út er komin skýrsla frá fundinum. Í henni kemur fram að til að efla opinbera starfsemi á Vestfjörðum þurfi að huga vel að þeim stofnunum eða starfsstöðvum sem eru nú þegar til staðar í fjórðungnum, eins og t.d. Hafrannsóknastofnun, Snjóflóðasetrinu og Umhverfisstofnun og jafnvel bæta við stöðugildum í þeim. Ein aðferð til þess er að efla auðlindagreiningar og rannsóknir sem nýtast áfram til staðbundinnar nýsköpunar á svæðinu. Ljóst er að Vestfirðir búa um margt við sérstæðar veðurfarslegar aðstæður sem ber að rannsaka, einnig hafa snjóflóð sett sitt mark á fjórðunginn. Sérhæfðar veðurfarsrannsóknir á norðlægum svæðum geta styrkt núverandi þekkingargrunn sem fyrir er hjá Snjóflóðasetrinu á Ísafirði og



Fjöldi opinberra stofnana eru með aðsetur í Þróunarsetrinu á Ísafirði.

slíkar sérhæfðar rannsóknir geta laðað að erlenda fræðimenn og rannsakendur ásamt því að fjölga staðbundnum rannsóknarstörfum. Snjóflóðasetrið er starfsstöð Veðurstofunnar og sá mannauður sem þar er hefur umtalsverða þekkingu, sem nýta má til vaxtar.

Tilflutningur starfa

Í skýrslunni segir að við umræður um flutning starfa þurfi að skoða sérstaklega hvort heppilegra sé að gera slíkt í áföngum, þá einnig í smærri einingum. Líklegt er að sérhæfðari störf sé erfiðara að flytja auk þess sem það er hugsanlega kostnaðarsöm aðgerð. Umræða undanfarna mánuði vegna flutnings Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar hefur verið á þá leið að flutningur stofnunarinnar gæti verið óheppilegur, þar sem ákveðnir hlutar starfsmennar næðu sér illa á strík við flutninga á milli landshluta.

Þá er bent á að hægt væri að koma á kerfi þar sem starfsmönnum stofnana, sem geta án annmarka, vegna staðsetningar, haft val um að búsetu og starfað þar sem viðkomandi starfsmaður kys. Dæmi um þetta má finna hjá Umhverfisstofnun sem auglýsir störf án staðsetninga, þ.e.a.s. starfsmenn geta starfað á landsbyggðinni á þeim starfsstöðvum sem stofnunin rekur sem eru í dag átta talsins, dreifðar um allt land, þar af tvær á Vestfjörðum.

Hugarfarið er þröskuldur

Mikil neikvæð umræða og þrýstingur tengdur stjórnmálum gerir ákvarðanatöku um staðsetningu starfa á landsbyggðinni erfiðar. Í skýrslunni er nefnt í þessu samhengi að það skortir langtímahugsun í dreifingu á opinberri starfsemi. Mikill tími fari í

varnarbaráttu þar sem stofnanir eru fyrir á landsvísi, slíkt sé afar tímafrekt og hafi mikil áhrif á starfsanda og vinnuþrek. Á það er bent að gæta þurfi að allri orðræðu því varnarbarátta getur efnislega verið neikvæð og gefið beinlínis ranga mynd af jákvæðu hugarfari íbúa Vestfjarða. Þá er þeirri stöðu velt upp að æðstu stjórnendur opinberra stofnanna líti á svæðið sem átakavettvang og þar með sé dregið úr frumkvæði og hvata stofnananna sjálfra til flutnings.

Framboð á sérhæfðu og fagmenntuðu fólki er lítið á landsbyggðarsvæðunum og á það einnig við um Vestfirði. Þó að hægt sé að flytja til starfsmenn fylgja því oft annmarkar. Í skýrslunni segir að ráðningar heimamanna í stöður geti haft töluverð jákvæð áhrif, starfsfólk með beinar tengingar og tengslanet innan svæðanna sé skilvirkara en það sem kemur nýtt inn á svæðið.

Flugvöll miðlægt í Reykjavík

Góðar samgöngur, bæði innan fjórðungs og til Vestfjarða þurfa að vera í lagi til að efla opinbera starfsemi. Innan Vestfjarða eru samgöngur ekki nægilega góðar og þarf úrbóta við. Neikvæð fjölmiðlaumræða um samgöngumál fjórðungsins, ástand vega, ófærð og annað hefur að mati fundarmanna skapað að hluta neikvæða ímynd svæðisins og er erfitt að sporna við henni.

Aðgengi að Reykjavík skiptir máli þar sem starfsmenn sem þurfa að sinna verkefnum á höfuðborgarsvæðinu eða koma á vinnufundi í höfuðstöðvar þurfa að reiða sig á greiðar flugsamgöngur og sem stystan samgöngutíma. Á meðan lítið er hægt að bregðast við veðuraðstæðum

sem leggjast af fullum þunga á vegakerfi, þurfa flugsamgöngur að vera tíðar og flugvöllur þarf að vera áfram staðsettur miðlægt í Reykjavík svo að stutt sé að komast til fundarstaða og höfuðstöðva.

Næstu skref

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga bjóðast til þess að halda utan um næstu skref sem verði eftirfarandi:

1. Ræða við stjórnvöld um framkvæmd greininga á stofnunum ríkisins. Greiningin á að svara hvaða starfsemi og störf innan stofnana megi færa til og dreifa til Vestfjarða.

2. Halda SVÓT (Styrkleikar - Veikleikar - Ógnarnir - Tækifæri) vinnufund með forstöðumönnum stofnana til að greina betur aðstæður á Vestfjörðum með tilliti til uppbyggingar á opinberri starfsemi.

3. Hugarflug um hvernig hægt sé að koma á sjálfvirku ívilnakerfi innan fjárlagarammans (hugsanlega í gegnum byggðaráætlun) fyrir stofnanir sem vilja staðsetja störf út á landi. Kerfi sem verði hvetjandi fyrir stofnanir og starfsmenn þeirra að skoða þann valkost að flytja störf til.

4. Framkvæma könnun meðal starfsmanna um þeirra afstöðu til flutninga á landsbyggðina.

5. Kortleggja opinbera starfsemi á Vestfjörðum og hafa yfirlit yfir stafsemina.

6. Koma á samskiptavettvangi þar sem reynt verði að samræma auglýsingar á störfum þar sem reynt verði að auglýsa fleiri fjölbreytt störf í einu.

7. Efna til „komdu vestur dags“ þar sem kynning verður á þeim kostum við að búa og starfa á Vestfjörðum. – smari@bb.is

**300
ÞÚSUND
KRÓNA
LÁGMARKS
LAUN**

Já




Starfsgreinasamband
Íslands

www.sgs.is



Þórir fyrir miðju með félögum sínum í slökkviliði og lögreglu.

Fór fram úr björtustu vonum

Slökkviliðs- og lögreglumenn á Ísafirði störfuðu hlaupabrettunum klukkan sex á laugardagsmorgun. Tilefnið var áheitasöfnun fyrir Þóri Þrastarson, félag þeirra í slökkviliðinu, sem glímir við erfið veikindi. Takmarkið var að ganga og hlaupa 350 km.

„Þegar við hættum klukkan sex um kvöldið var búið að fara 412,4 km, sem sagt í Hreðavatnsskála og langleiðina í Búðardal aftur,“ segir Hlynur Kristjánsson, slökkviliðsmaður.

Fjöldi fólks lagði leið sína í slökkviliðsstöðina á laugardag til

að hvetja gönguhrólfa áfram og sýna söfnuninni stuðning. „Það eru 200 nöfn í gestabókinni en eins og gengur skrifa sig ekki allir í gestabók. Við erum að skjóta á að 300 hafi komið á stöðina og það var mikil og góð stemning hjá okkur,“ segir Hlyn-

ur.

Eins og áður segir hafa slökkviliðs- og lögreglumenn staðið fyrir söfnun fyrir Þóri, sem hefur starfað í slökkviliðinu um áratugaskeið. Hlynur segir að söfnunin hafi gengið framar vonum. „Þetta hefur gengið miklu betur en við

þorðum að vona. Við viljum ekki nefna tölur enda eru þær ekki komnar á hreint, en söfnunin hefur farið fram úr björtustu vonum.“ Hann vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem komu að þessum degi með einum eða öðrum hætti. – smari@bb.is

BOLUNGARVÍK

2. apríl Skirdagur	5. apríl Páskadagur
3. apríl Fös. langi	6. apríl 2. Páskum

kl. 13-17

ÍSAFJÖRÐUR

2. apríl Skirdagur	3. apríl Fös. langi	kl. 10-20
5. apríl Páskadagur		kl. 12-20
6. apríl 2. Páskum		kl. 10-20

FREYJU
PÁSKAEGG
NR. 4 / ÞEVINTÝRA-, RÍS-
EÐA DRAUMAEGG

1.769/21%/
1.398
kr/stk

Samkaup

úrval

www.Samkaupurval.is

Verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavíxl.

Ákærður fyrir fjádrátt og vikið úr starfi

Lögglumanni á Vestfjörðum hefur verið vikið úr starfi eftir að hann var ákærður fyrir að draga að sér 15,5 milljónir króna úr sjóðum Félags íslenskra leikara á fjórtán ára tímabili. Í kæruni kemur fram að maðurinn, sem er á sextugsaldri, hafi sem stjórnarmaður Söngvarasjóðsins í Reykjavík, sem er undirsjóður innan

6. deildar Félags íslenskra leikara, millifært af reikningi sjóðsins yfir á eigin reikning 14,4 milljónir króna og á reikning hans og móður sinnar rúma eina milljón króna. Maðurinn nýtti féð í eigin þágu.

Færslurnar úr sjóðnum voru alls 113 talsins þar sem sú fyrsta var gerð um mitt ár 2000 og sú síðasta árið 2013. Millifærslurnar

námu allt frá 1.500 krónum til 695 þúsund króna. Í ákæru er þess krafist að hann verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar. Félag íslenskra leikara krefst skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 15.484.865 króna með dráttarvöxtum.

Hlynur Snorrason, yfirlög-

regluþjónn lögreglunnar á Vestfjörðum, staðfestir í samtali við Vísi að lögreglumaður sem starfði í liðinu, með starfsstöð á Hólmavík um tíma, hafi verið kærður fyrir auðgunarbrot síðla árs í fyrra. „Í framhaldi kærunnar var gert samkomulag við lögreglumanninn um að hann léti af

störfum strax, það var í desember síðastliðnum.“ Hlynur tekur fram að meint brot mannsins hafi ekki tengst lögreglunni eða störfum hans hjá embættinu á nokkurn hátt.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur síðar í þessum mánuði. – smari@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

BÍLASTÆÐI Í NEÐSTAKAUPSTAÐ, ÍSAFIRÐI – BÍLASTÆÐAGERÐ OG HELLULÖGN

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Bílastæði í Neðstakaupstað, bílastæðisgerð og hellulögn.“ Um er að ræða frágang yfirborðs undir malbik og hellulögn gangstéttar umhverfis bílastæðin.

Helstu stærðir:

Kantsteinn	245 m
Hellulögn	725 m²

Verkinu skal vera að fullu lokið 15. október 2015. Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á krónur 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 26. mars 2015. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 14. apríl 2015 kl. 13:30 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Vilja taka myndina upp fyrir vestan

Óskar Þór Axelsson, sem er hvað þekktastur fyrir leikstjórn á myndinni Svartur á leik, leikstýrir mynd sem unnin er upp úr sögu Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, sem naut mikilla vinsælda hérlandis og erlendis þegar hún kom út. Myndin verður framleidd af Sigurjóni Sighvatssyni og Zik Zak. Sögusvið bókar Yrsu er Ísafjörður og Hesteyri. Óskar segist nokkuð kunnugur aðstæðum á Vestfjörðum og að allar líkur séu á að tökuri fari að mestu fram þar. „Sagan gerist að vetri til. Við þurfum að huga að ýmsu þegar

kemur að tökum. Við erum ekki búin að fullgera planið yfir tökuri. En við viljum algjörlega taka upp á Ísafirði og Hesteyri. Það ættu að verða einhverjar svaðilfarir þarna fyrir vestan,“ segir Óskar í samtali við Fréttablaðið. Fyrir stuttu hlaut gerð myndarinnar 90 milljóna króna styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Ekki er búið að ráða í hlutverk í myndinni. Yrsa Sigurðardóttir segir í Fréttablaðinu að hún hlakki mikið til þess að sjá hvaða leikkonur verði í aðalhlutverkum. Hún segist vera hvað ánægðust

með að Katrín og Líf haldi sessi sínum sem burðarpersónur sögunnar í þeim hluta sem gerist á Hesteyri og vísar þar til umræðunnar um skort á spennandi kvenhlutverkum í kvikmyndum.

„Ég er mjög spennt að sjá hvaða leikkonur verða valdar í hlutverk þeirra, sem og auðvitað önnur hlutverk. Það gleður mig líka að myndin skuli verða íslensk í húð og hár. Ég hlakka mikið til að sjá afraksturinn, ekki síst til að geta dáðst að fögru umhverfi Vestfjarða á hvíta tjaldinu,“ bætir hún við. – smari@bb.is

Sælkerar vikunnar eru Lína Björk Tryggvadóttir og Stefán Örn Stefánsson á Ísafirði

Salatvefjur að hætti Cheesecake Factory

Þess uppskrift fékk ég frá tengdamömmu minni en hún er alltaf mjög hugmyndarík og uppátækjasöm þegar hún heldur matarboð. Það er mjög gaman að bjóða fólk upp á þennan rétt þar sem að það þarf að viðhafa smá föndur og því tekur fólk sér langan tíma í að borða með tilheyrandi spjalli.

Salatvefjur með kjúkling

Kjúklingabringur ca. 700 gr. fyrir 4.
Lambhagasalat (ca. 2 pokar)
Duck souse frá Blue drakon
Satey sause
2 pakkar ferskar baunaspirur
1 poki Kasjú hnetur
2 pakkar eggja núðlur
Sweet chilli sósa ca. ½ flaska
Gulrætur
Sesamfræ
Sesam olía
Teryaki sósa ca. ½ flaska

Kjúklingurinn er skorinn í litla bita og settir í lög með Teriyaki sósu og Sweet chilli sósu og látið bíða í allavegana 2 tíma. Núðlurnar eru settar í heitt vatn og soðnar í ca. 2 mínútur. Núðlur settar í sigti og vatnið látið leka vel af og þær settar á heita pönnu ásamt semsam olíu og vel af sesamfræum og steiktrar þar til harðar. Þegar að núðlurnar eru til, en þær eru það sem taka lengstan tíma í þessari uppskrift, er kjúklingurinn steiktur á pönnu. Salatið er tekið af stilknum þannig að blöðin séu eins heil og hægt er og þvegin og sett í skál. Kasjúhnetur, baunaspirur, gulrætur skornar í strimla, duck souse og satey sósan sett í sér skálar og borið fram.

Þessi réttur er svo borðaður þannig að tekið er salat blað og kjúklingur og meðlæti sett í blaðið og það brotið saman og

borðað með fingrunum. Þetta gerir matarboðið skemmtilegt og fólk borðar hægt og nýtur matarins.

Súkkulaðibúðingur með Grand Marnier legnum perum

4 perur (best að nota harðar perur)
2 msk smjör
2 msk sykur
1 dl Grand Marnier
3 dl rjómi
150 g súkkulaði (ég blandaði mjólkursúkkulaði og suðu súkkulaði til helminga)
3 eggjarauður

Perurnar eru afhýddar og skornar í bita. Smjórið og sykurinn hitað á pönnu þar til það byrjar að brúnast og mynda karamellu. Þá er Grand Marnier hellt yfir og perurnar settar í og velt vel upp úr karmellunni sem



myndast og látnar sjóða á meðalhita í nokkrar mínútur þar til perurnar hafa mýkst og fengið karamelluhúð. Perunum er skipt í sex glös eða skálar

Rjóminn er þeyttur og súkkulaðið brætt yfir vatnsbaði á meðan eggjarauðurnar eru þeyttar. Þegar brædda súkkulaðið hefur kólnað dálítið er því bætt út í

eggjarauðurnar og þeytt vel á meðan. Þá er rjómanum blandað vel saman við súkkulaðiblönduna. Súkkulaðimúsinni er dreift jafnt yfir perurnar í skálarnar sex.

Ég skora á Þóru Björk Elvarsdóttur sem er búsett í Reykjavík að verða næsti sælkeri vikunnar.



Mjukis 2 ltr.

698
kr. 2 ltr.



Emmess ísblóm 6 stk. Tvær gerðir

498
kr. 6 stk.



After eight 300g

395
kr. 300g



Ali bayonneskinka 1.fl.

1198
kr. kg



KEA Lambahryggur léttreyktur

1959
kr. kg



Bónus Hamborgarhryggur m/beini

1298
kr. kg

Bónus risa páskaegg 1 kg.
1998 kr.



Pepsi og Pepsi MAX 1 ltr.

98
kr. 1 ltr.



Nóa páskaegg nr. 3 150g

698
kr. 150g



Mackintosh 350g askja

698
kr. 350g



Nóa konfekt 630g

1698
kr. 630g



Coke 4 x 1,5 ltr.

759
kr. 4 x 1,5 ltr.



Egils Appelsín 4 x 2 ltr.

798
kr. 4 x 2 ltr.



BONUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 29. mars

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



Úlfar gerir sýninguna klára í bílskúrnunum. Ljósmyndir: Páll Önnundarson.



ÍSAFJARÐARBÆR

ÞVERGATA, ÍSAFIRÐI – HELLULÖGN

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Þvergata, hellulögn.“ Um er að ræða uppúrtekt slitlags og efra burðarlags, endurnýjun á holræsa- og vatnslögnum og hellulögn.

Helstu stærðir:

Vatnslagnir	100 m
Gröftur	120 m ³
Hellulögn	600 m ²

Verkið skal vera að fullu lokið 15. október 2015. Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á krónur 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 16. mars 2015. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 14. apríl kl. 13:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Bátasafn í bílgeymslunni

Úlfar Önnundarson á Flateyri, smáskipasmíður í frístundum, stefnir að því að opna bátasafn í bílgeymslunni heima hjá sér að Drafnargötu 2 fyrir páskana. „Ég ætla að reyna að opna fyrir páska og hafa opið yfir hátíðarnar. Ég verð með 12-13 skipalíköm í salnum, m.a. Titanic og Bismarck, sem ég er reyndar enn að smíða,“ segir Úlfar. Hann segir að sveitungi hans, Jón Svanberg Hjartarson, sem setti upp Dellusafnið á Flateyri á sínum tíma, hafi komið með hugmyndina að safninu og þá hafi stofnun markaðsstofunnar Perlur fjarðarins, hvatt hann til dáða.

Úlfar segist hafa byrjað á smíði Bismarck um áramótin 2011 og 2012 og hann hafi verið að síðan með mislögnum hléum en vinnustundirnar skipti þúsundum. „Stærðarhlutföllin eru einn á móti

hundrað sem gerir líkanið 2,5 metra að lengd. Þar eru 891 hlutur sem þarf að smíða og koma fyrir ofan á dekkinu með byssum og öllu saman,“ segir Úlfar sem smíðar skipið eftir teikningu en mest styðst hann við mólur sem börnin hans gáfu honum í stærðinni 1:350.

Áhugi Úlfars á smíði skipalíkana hófst þegar hann var ungur að árum. „Eins og margir vita var hér handavinnukennari sem hét Eysteinn Gíslason. Hann lét okkur nemendurna smíða allt milli himins og jarðar en var frekar bátasinnaður. Ég var 10-11 ára þegar ég lærði hjá Eysteinum svo þetta hefur alltaf blundað í mér. Ég byrjaði þó ekki að alvöru fyrr en ég fékk aðstöðu til verksins fyrir tíu árum.“ Eitt þekktasta skipið sem Úlfar hefur smíðað til þessa er Titanic sem var gert í

hlutföllunum einn á móti 100. Úlfar segir að einungis efniskostnaður við smíðina hafi kostað um 300 þúsund krónur og efniskostnaður vegna Bismarck geti numið 400 þúsundum króna. Hann segir að nokkrir einstaklingar hafi lagt honum lið við efniskostnaðinn.

Þegar smíði Bismarck verður lokið ætlar Úlfar að halda áfram. „Ein hugmynd sem hefur komið fram er að smíða Hood í sömu stærðarhlutföllum og hafa það við hliðina á Bismarck en Hood er eitt frægasta herskip Bretanna sem Bismarck sökkkti,“ segir Úlfar en ætlar sér þó að klára Bismarck áður en hann fer út í einhverja aðra vitleysu að eigin sögn. Aðgangseyrir inn á sýningu Úlfars verður 1000 krónur sem er mjög svipað og hjá söfnum víðs vegar um land.

Ert þú búin(n) að tryggja þér auglýsingapláss fyrir páskana?

Pólitísk bylting og sólmyrkvi

Síðustu vikur hafa verið forvitnilegar, einkum á stjórnmálasviðinu. Þegar Píratar teljast með jafn mikið eða meira fylgi kjósenda í skoðanakönnunum en Sjálfstæðisflokkurinn, sem lengst af hefur átt mest fylgi íslenskra stjórnmálaflokka, hlýtur mörgum að vera brugðið. Ætla má að forystufólki Sjálfstæðisflokksins sé þungt í hug við þessa niðurstöðu. Áratuga fylgi flokksins virðist verulega ógnað af fólki, sem ekkert fé á, enga útgerðarmenn eða auðmenn til að standa að baki sér og nánast enga sögu um stjórnmálaláttöku. Stuðningurinn er sprottinn af öðru. Þetta annað gæti verið svo einfalt að kjósendum ofbjóði núverandi ástand. Píratar hafa vart fremur en Björt Framtíð sett fram stefnuskrá sem tekur á efnahagsvanda sem við er að etja. Píratar hlutu 23,9% fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn 23,4% í síðustu skoðanakönnun MMR. Fylgi Bjartar Framtíðar dalaði á milli kannanna úr 15 í 10,3%. Þessir tveir nýju flokkar á Alþingi eru með ríflega þriðjungs stuðning eða 34,4%. Það er nokkuð athyglisverð niðurstaða þar eð á stjónunar hæfni þessara framboða hefur í sjálfu sér ekki reynt.

Hvort þetta telst pólitísk bylting eður ei er of snemmt að spá um. Hitt er deginum ljósara þótt tunglið hafi varpað skugga á sólina svo dimmt varð á björtum degi hinn 20. mars síðast liðinn að stór og marktækur hluti kjósenda lætur með stuðningi sínum við Pírata í ljós óánægju með núverandi ástand. Hvort þessi stuðningur við „sjóræningjana“ heldur í næstu kosningum skal ósagt látið. Einhver kynni að segja að þeir hefðu rænt fylgi annarra flokka um hábjartan dag. Margt hefur verið uppi í stjórnmálum síðustu vikna, einkum umdeilt bréf utanríkisráðherra til Evrópusambandsins. Bréfið er ofvaxið skilningi margra. Hvort sú staðreynd segir meira um bréfitara en lesendur bréfsins skal ósagt.

Sólmyrkvinn leið hjá á skömmum tíma. En „sólmyrkvinn“ í heimi stjórnmálanna virðist engan endi taka. Eitt er athyglisvert, sú staðreynd að Vinstri grænir sem höfðu samþykkt inngöngu í Evrópusambandið og áttu stuðning Samfylkingar vísan kláruðu ekki dæmið. Þeir hafa ekki svarað því hvers vegna þeir heyktust á verkinu, en vilja nú þjóðaratkvæðagreiðslu um samninga sem engir eru því sambandið ræður ferð.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Óánægja með nýjan heitan pott á Suðureyri

Hverfisráð Súgandafjarðar hefur lýst yfir óánægju með að setja eigi upp minni heitan pott við sundlaugina á Suðureyri í stað þess sem skemmdist í vatnsflóðunum í byrjun febrúar. Í bréfi Magnúsar S. Jónssonar, formanns hverfisráðsins, til Gísla Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra, segir að væntingar hafi verið verið bundnar við stofnun

hverfisráðsins og að ráðið yrði til að bæta samskipti og upplýsingaflæði milli bæjaryfirvalda og íbúa Súgandafjarðar.

„Að okkar mati hefur það ekki tekist sem skyldi fram til þessa og mikilvægt að bæta þar úr. Rétt er í því sambandi að nefna lausnina við að finna akstursleið fyrir stóra flutningabíla í gegnum þorpið. Það mál er mikilvægt að

vinna betur en gert var,“ segir í bréfinu.

Nú er komið upp annað mál, kaup á nýjum potti til uppsetningar í sundlauginni á Suðureyri. Í bréfinu segir að mikil óánægja sé með að nýr pottur verði minni en sá sem skemmdist í vetur. Hverfisráðið vill frá svör frá bæjarstjóra um hver hafi tekið ákvörðun um uppsetningu á



minni potti, hvaða forsendur séu fyrir því að minnka pottinn og að lokum er spurt um framtíðarsýn

bæjarstjórnar varðandi sundlauginna á Suðureyri.

– smari@bb.is

Afhendir Eyrarrósina á Ísafirði

Þrjú framúrskarandi verkefni keppa um Eyrarrósina í ár þ.e. Frystiklefinn á Rífi, Listasafn Árnesinga og Sköpunarmiðstöðin Stöðvarfirði. Hvert þeirra hlýtur flugmiða frá Flugfélagi Íslands og peningaverðlaun. Það kemur síðan í ljós við hátiðlega athöfn á Ísafirði 4. apríl hvert þeirra stendur uppi sem Eyrarrósarhafi 2015 og fær í verðlaun 1.650.000 krónur. Dorrit Moussaieff forsetafrú, verndari Eyrarrósarinnar afhendir verðlaunin á Ísafirði.

Eyrarrósir eru viðurkenning og verðlaun sem veitt eru fyrir menningarstarfsemi á landsbyggðinni sem þykir með einhverjum hætti skara fram úr. Verðlaunin eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Byggðastofnunar og Flugfélags Íslands og voru fyrst veitt 2005. Tvö vestfirsk verkefni hafa hlotið Eyrarrósina. Strandagaldur árið 2007 og Aldrei fór ég suður árið 2008.

– smari@bb.is

Viðskiptamódel sem gengur ekki upp

Ísafjarðarbær tók til skoðunar að selja fasteignir sínar í eignarhaldsfélög og síðan leigja þær aftur, sambærilegt viðskiptamódel og hefur slígað mörg sveitarfélög. „Við sáum að þetta gat verið hagkvæmt fyrstu árin en svo kom fljótlega skurðpunktur sem var algjörlega ófyrstíganlegur eftir svona 5-7 ár ef ég man rétt,“ segir Halldór Halldórsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og núverandi formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í samtali við Vísi.

Fasteignafélagið Fasteign var stofnað fyrir um áratug í því skyni að kaupa og reka eignir í eigu sveitarfélaga víða um land. Sveitarfélögin leigðu svo þessar eignir af félaginu, en hafa smám saman verið að leysa þær til sín á ný. Í febrúar greiddi sveitarfélagið Norðurþing tæpan hálfan milljarð fyrir leikskóla á Húsavík og var það gert til að losa sveitarfélagið úr afar óhagstæðum leigusamningi. Reykjanesbær er eina sveitarfélagið sem er enn í Fasteign.

CLINIQUE

dagar í Lyfju Ísafirði
31. mars – 8. apríl

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira*

Kaupaukinn inniheldur:

- Take the day off, augnfarðahreinsir 30ml
- Cubby stick, augnskuggi 5g
- High lengths, maskari 5ml
- Snyrtibudda
- DDML+, gula kremið, 30ml
- Blushing blush, kinnalitir 3,1g
- Augnhárabrettari

*meðan birgðir endast



NÝJUNG

Vinsælasta varan frá Clinique komin í kremform. Fyrir þurrari húðgerðir. Gott gegn vetrarkuldanum.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Sérfræðingur frá Clinique verður í versluninni þriðjudag og miðvikudag.

LYFJA
– Lifið heil



Sportið í beinni...

Föstudagur 27. mars

kl. 19:45 Moldóva - Svíþjóð
kl. 19:45 Spánn - Úkraína
kl. 19:45 England - Litháen

Laugardagur 28. mars

kl. 17:00 Ísrael - Wales
kl. 17:00 Tékkland - Lettland
kl. 17:00 Króatía - Noregur
kl. 19:45 Belgía - Kýpur
kl. 19:45 Holland - Tyrkland
kl. 19:45 Búlgaría - Ítalía
kl. 21:45 Kasakstan - Ísland

Sunnudagur 29. mars

kl. 16:00 Skotland - Gíbraltar
kl. 16:00 Rúmenía - Færeyjar
kl. 16:00 Georgía - Þýskaland
kl. 18:45 Ungverjal. - Grikkland
kl. 18:45 Portúgal - Serbía
kl. 18:45 Írland - Pólland

Dagar Íslands

effir Jónas Ragnarsson

26. mars 1973: Flugvélin Vor
fórst í Brúfjöllum, norður af
Langjökli, og með henni fimm
manns, meðal annarra Björn
Pálsson flugmaður.

27. mars 1963: Skagafjarðar-
skjálftinn. Mikill jarðskjálfti, um
7 stig, fannst víða um land.

Upptökin voru norður af
mynni Skagafjarðar. Fólk
næst upptökunum varð ótta-
slegið og sumir flýðu hús sín.

28. mars 1956: Samþykkt var
á Alþingi, með 31 atkvæði
gegn 18, að bandaríska
varnarliðið skyldi hverfa úr
landi, enda yrði hér ekki her
á friðartímum. Í nóvember var
ákveðið að fresta viðræðum
um brottför liðsins vegna
hættuástands í heiminum.

29. mars 1947: Heklugos
hófst en þá voru nær 102 ár
síðan síðast gaus. Gosmökk-
urinn náði upp í 30 km hæð
og aska barst til Bretlands og
jafnvel Finnlands. Gosið stóð
fram í aprílmánuð 1948.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

SV 8-15 m/s og víða él, en
léttskýjað NA-lands. Hiti í
kringum frostmark.

Horfur á laugardag:

NA 10-15 m/s og snjócoma á
Vestfjörðum, en annars
hægari vestlæg átt.
Fremur svalt í veðri.

Horfur á sunnudag:

NV kaldi og úrkomulífið.
Kólnandi veður.

Krossgátan

					KLÍNA	ESPA	HÓFDÝR		DRYKKUR	BJAGA	BÓK
				AFL							
				LÆRIR				VAFI			
								RABB			
				SAMS- KONAR					BERIST TIL		
									UPP		
				STEIKJAST							HLUT- DEILD
	↓	REIKA	TVEIR EINS	SAMTÖK			SKÓFLA				
				STÍGANDI			LÁGFÓTA				
HNUSA						FLOKKAD					
						HUGUR					
GRANDI					LYKTA					ÁREYNSLA	
					GRÓÐUR						
TVEIR EINS			MUNNVATN					TIL SAUMA			
			HLJÓMUR					ÖSKUR			
KVK NAFN				HLÝJA					TIL DÆMIS		
				ÁVÖXTUR					ÖGN		
ÁSAMT						BIRTA					ÚTÖJÖLD
						LIDORMUR					
		AFKVÆMI					ÁNÆGJU- BLOSSI				
		RÍKI Í AFRÍKU					RÍKJA				
STORKA					DRYKKJAR- ÍLÁT					HLEYPA	
BÓK- STAFUR			SKART- GRIPUR					SKYGGNI	ÞYS		
			HÁÐ						SIGAD		
NÝJA					DEYJA						
					TVEIR EINS						
RÁÐA						FALLA					
HALLMÆLA						NABBI					

BÍLAVERID ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu

	ÁRLA	KJÁ- SKITUR	ERLENDIS	VÖRU- MERKI	HÁSETA- KLEFI	SVELGUR
SÁRA- ÁBURÐUR	S	M	Y	R	S	L
GAGN	N	Y	T	SKÁPAK VARKÁRNI	S	Ú
AKUR	E	K	R	IPR. FÉLAG MÆLI- EININGU	K	A
LENDI	M	J	A	Ð	M	A
	↓	GERST	TVEIR EINS	SKÖLI SKRÁ	FREMJA DRULLA	GERA
VITNA	V	O	T	A	RÉKUN TÖF	Á
ESPA	E	R	T	A	UMBÖT SAM- KONAR	B
HREYFING	I	Ð	L	E	ANGRA VEIDI	A
AD	T	I	L	I	STARF SALTÞÉTUR	Ð
DUÐLEGUR	I	Ð	I	N	ÚTMA RÖTAR- TAUGA	A
	N	VERST SNÍKJUDYR	S	Í	LOKKA FJÁHÆÐ	L
SAMNING- UR	G	A	T	T	MJÓLKUR- VARA	Á
FRÁ	A	F	R	A	G	Ú
HRÓSA	H	Æ	L	A	EIN- SAMALL SAMTÖK	A
KLÍNA	Ú	T	A	T	DUGA	G
SJÁ EFTIR	S	A	K	N	A	HANDA

Sudoku þrautir

					9		
	2		6	4		8	5
					1		3
				1		6	
		8	5	3			
	6	3		7	2		5
							8
3			7	9		5	4
							1

4	1	5	2			6	
		3		8			9
7				6			
5			7	4	6		8
		2		5	9		6
		9	1	2			5
9						1	
1	5	6			2		
	8					7	9

Orgelsjóði Hóls- kirkju færð gjöf

Orgelsjóði Hólskirkju í Bolungarvík barst á dögunum peningagjöf í tilefni af aldarafmæli Hólmfríðar Eniku Magnúsdóttur þann 6. mars 2015. Foreldrar Hólmfríðar voru Karitas Árný Jónsdóttir og Magnús K. J. Ólafsson, bæði frá Bolungarvík. Hólmfríður giftist Páli Sigurðssyni 31. maí 1941 í Hólskirkju. Þá lék Hólmfríður á orgel Hólskirkju í nokkur ár, á meðan hún bjó í Bolungarvík.

Það voru dætur Hólmfríðar og Páls, Karitas Maggý, Kristín Björk, Júlíana Sigríður og Guðný Jóna sem færðu kirkjunni þessa veglegu gjöf.

Önnur ljósmóðir sinnir ómskoðun

Útlit er fyrir að önnur ljósmóðir komi reglulega til Ísafjarðar að sinna ómskoðunum frá og með apríl, að sögn Þrastar Óskars-sonar, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Ásthildur Gestsdóttir ljósmóðir hefur sagt upp störfum, en hún hefur komið einu sinni í mánuði til að ómskoða barnshafandi konur. Hún á eftir að koma einu sinni áður en hún hættir.

Frá því í nóvember hafa barnshafandi konur þurft að fara til Reykjavíkur vegna þess að Ásthildur hefur ekki komist vestur vegna veðurs. Þróstur segir að nánara framtíðarfyrikomulag ómskoðana á Heilbrigðisstofnunni verði kynnt betur þegar nær dregur.

Heiðrún formaður ur Minjasjóðs

Heiðrún Tryggvadóttir, íslenskufraeðingur og kennari að Holti í Önundarfirði, hefur verið tilnefnd sem næsti formaður Minjasjóðs Önundarfjarðar. Tekur hún við starfinu af Jóhönnu Kristjánsdóttur sem hættir að eigin ósk. Það er sýslumaðurinn á Vestfjörðum sem tilnefnir formann sjóðsins samkvæmt lögum sjóðsins. Minjasjóður Önundarfjarðar var stofnaður árið 1985. Hann starfrækti áður minjasafn að Hafnarstræti 47 á Flateyri, en eftir að húsið og flest allir munir þess glötuðust eða skemmdust illa í snjóflóðinu sem féll á Flateyri árið 1995.

smáar

Tveir sófar og tveir skápar fást gefins að Austurvegi 12 gegn því að þetta sé sótt. Gæti nýst á kaffistofur, í beitningarskúrnun eða einhverju álíka. Upplýsingar í síma 571 5657.

Þjónustuauglýsingar



Öll almenn húsmíði

Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is





ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- stjálffær nýting stjávanaúðlinda





RAFSKAUT ehf
SUDURTANGA 7 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

Atvinna í boði

Rafskaut ehf., leitar að starfsmanni í bókhaldsvinnu
Reynsla og þekking á bókhaldsvinnu nauðsynleg

Kostur að hafa unnið með DK bókhaldsforrit

Frekari uppl. veittar í síma 897 6742

Umsóknum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum fyrir mánudaginn 13. apríl

LÓAN ER KOMIN

FLJÚGÐU Í FAÐM SUMARSINS

flugsláttur

25%

AFSLÁTTUR

**AF FERÐASÆTUM Í SUMAR
SEM BÓKUÐ ERU
24.-31. MARS.**

SMELLTU ÞÉR Í BLÍÐUNA Á FLUGFELAG.IS
SLÁÐU INN FLUGSLÁTTINN VIÐ BÓKUN: **SUMAR**

- GILDIR FERÐATÍMABILID 1. MAÍ TIL 30. SEPTEMBER 2015
- AÐEINS BÓKANLEGT Á NETINU 24.-31. MARS 2015
- GILDIR EKKI UM TENGIFLUG
- GILDIR EINGÖNGU UM FERÐASÆTI
- 20 KÍLÓA FARANGURSHÉIMILD INNIFALIN
- FARGJALDIÐ VEITIR 200 VILDARPUNKTA



FLUGFÉLAG ÍSLANDS